

Ísafjarðarbær

B.t. Birgir Gunnarsson

Sent rafrænt á birgir@isafjordur.is

15.07.2020, Ísafjörður

Efni: Staðarvalsgreining fyrir starfsemi Arctic Fish

Arctic Fish mun á þessu ári að slátra 8 000 tonnum af laxi. Á næsta ári verður magnið um 10.000 tonn og stöðug magnaukning árlega eftir það. Innan 5-10 ára þá er markmiðið að vera með yfir 20.000 tonn árlega í slátruðu magni.

Samhliða örrí uppbyggingu erum við að greina framtíðarþarfir okkar á ólíkum sviðum. Þessar þarfir þurfa að taka mið af mörgum þáttum sem nauðsynlegt er að hafa í huga til að við náum okkar settu markmiðum.

Þarfirnar fyrir starfsemi okkar er eftirfarandi; geymslusvæði, samsetningarsvæði, viðhalds mannvirki, viðhaldsmannvirki fyrir báta, skrifstofurými og vinnsluhúsnæði.

Þeir þættir sem þarf að hafa í huga í skipulagningunni eru líffræðileg áhætta, flutningamál og flutningastjórnun og kostnaður. Varðandi líffræðilegu áhættuna þá er það lykilforsenda að fiskur sem er að koma frá öðrum eldissvæðum með brunnbátum fari siglingaleið sem virði 5km fjarlægðarmörk við eldisstaðsetningu og eldissvæði. Varðandi flutningastjórnun þá þurfa vegasamgöngur að vera með þeim hætti að við getum tryggt afhendingu afurða okkar inn á útflutningskerfið (flug og siglingar). Varðandi kostnaðinn þá er ljóst að kostnaður við landvinnslu er nú þegar of hár í samanburði við aðrar landvinnslur af svipaðri stærðargráðu og fjárfestingaforsendur þurfa því að miða að því að lækka kostnað við landvinnslu.

Varðandi vinnsluhúsnæði þarf bæði að hafa í huga skammtíma- og langtímasjónarmið. Lykilþættir varðandi slíka fjárfestingu eru vinnslumagn og möguleikar til að lækka vinnslukostnað á hvert unnið kíló, en á sama tíma að gætt sé að fyrrgreindum sjónarmiðum um líffræðilega áhættu. Rýmisþörfin er um 10.000 fermetrar, fyrir utan bílastæði og útsvæðis fyrir flutningabíla. Lóðin þarf að vera nálægt sjó þar sem er 10 metra dýpi fyrir 60-100 metra löng skip. Hér má hafa í huga að það eru aðrar lausnir en hefðbundinn hafnarkantur sem geta nýst, þar sem fiski er dælt í gegnum lagnir inn vinnslu (ólíkt hefðbundinni lestun og losun á fiski í körum).

Verkefni af þessari stærðargráðu þarf að grandskoða enda um töluvert stórt fjárfestingaverkefni að ræða. Reynsla okkar af stórum fjárfestingaverkefnum í smærri byggðalögum, líkt og 28 milljón Evra fjárfesting í seiðaeldisstöðinni okkar á Tálknafirði hefur sýnt, þá er náíð samstarf og samráð nauðsynlegt við sveitarfélagið sem verkefnið verður í.

Þá er ljóst að svona verkefni krefst ákveðinna fjárfestingu og skuldbindingu af hendi sveitarfélagsins og byggðalagsins sem við komum til með að staðsetja verkefnið í. Á þessu stigi málsins þarf því að skoða valkostina og greina þá í þaula frá öllum sjónarmiðum. Í þessu samhengi þarf líka að hafa í

huga að leyfisveitingar til félagsins hafa mikil áhrif á ákvarðanatöku og til einföldunar þurfum við að setja þann fyrirvara á allar okkar framkvæmdir, þær eru einfaldlega háðar því að við fáum þau leyfi sem við höfum sótt um og standast þær lög og reglur sem að þeim snúa.

Það er ósk Arctic Fish að hafin sé formleg vinna milli Ísafjarðarbæjar og Arctic Fish til þess að vinna að þessari staðarvalkostagreiningu og að Ísafjarðarbæjar geta kynnt þá valkosti sem eru til staðar miðað við þær meginforsendur sem Arctic Fish hefur varðandi málið. Í þessu samhengi er hægt að hafa til hliðsjónar að félagið á eignir á Þingeyri og Flateyri og hefur einnig sótt eftir lóðum á Ísafirði þannig að fyrirtækið hefur gert það sem það getur gert að svo stöddu til að tryggja að það hafi valkosti í umræðunni.



Stein Ove Tveiten, Framkvæmdastjóri



Neil Shiran K. Þórisson, Fjármálastjóri